



VIGDÍSARSTOFNUN



unesco

Centre  
Under the auspices  
of UNESCO

# Ársskýrsla 2021

Vigdísarstofnun



# EFNISYFIRLIT

Ávarp	3
Vigdísarstofnun	5
Stjórnir og starfsmenn	9
Samstarf	11
Rannsóknir, samstarfsnet og þróunarverkefni	12
Opnunarhátíð LEXÍU	16
Útgáfa fræðirita	18
Viðburðir	21
Sýningahald	26
Vigdísarverðlaun	28
Þakkir	29

# ÁVARP

Viðburðir og verkefni voru unnin undir merkjum Vigdísarstofnunar árið 2021 í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, og einnig í samvinnu við innlendar og erlendar stofnanir. Eins og árið á undan var starfsemin þó með óvenjulegu sniði árið 2021 vegna heimsfaraldurs. Fresta þurfti öllum alþjóðlegum ráðstefnum stofnunarinnar um eitt ár og fyrri hluta árs voru viðburðir haldnir með rafrænum hætti. Svigrúm til viðburðahalds gafst í október og nóvember og var það vel nýtt. Starfsmenn og stjórnir unnu að því að efla starfsemina, ekki síst með áherslu á þátttöku Vigdísarstofnunar í skipulagningu Alþjóðlegs áratugar frumbyggjamála (IDIL 2022–2032) sem tilkynnt var um hjá UNESCO í lok árs 2020 en stofnunin á fulltrúa í stýrinefnd verkefnisins. Sýning um störf Vigdísar Finnbogadóttur opnaði í Vigdísarstofu og að mestu var lokið við gerð tungumálasýningarinnar *Mál í mótun* sem sett var upp í sýningarsal Veraldar í samstarfi við hönnunarstofuna Gagarín. Settur var upp námsvefur fyrir sýningarnar með fjölda verkefna í tengslum við efni þeirra og tilraunaheimsóknir fóru af stað síðustu mánuði ársins, þar sem tekið var á mótí hópum ungmenna á aldrinum 12–19 ára á báðar sýningarnar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hóf starfsemi undir nýju nafni sínu í október 2001 og tuttugu ára starfsafmæli hennar var fagnað árið 2021 með útgáfu nýrrar ritraðar: *Smáritum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur*. Auk þriggja smárita komu á árinu út þrjár bækur og 13. tölublað tímaritsins *Milli mála* var gefið út í rafrænni útgáfu í lok árs.

Ég þakka stjórnnum, starfsfólki, bakhjörllum, samstarfsaðilum og öllum velunnurum fyrir ómetanlegan stuðning við Vigdísarstofnun á liðnu starfsári.

*Ásdís R. Magnúsdóttir, formaður stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar*



# VIGDÍSTARSTOFNUN

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og undir merkjum UNESCO. Þær starfa saman að mörgum verkefnum og viðburðum þar sem lögð er áhersla á fjölmennningarleg viðhorf og þekkingu á öðrum þjóðum og tungumálum. Hnattvæðing kallar á þvermenningarlega færni sem tekur mið af fjölbreyttum samskiptum á öllum sviðum mannlífs. Nýjum áskorunum sem samfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar standa frammi fyrir á alþjóðavettvangi verður ekki mætt nema með góðri samskiptafærni þvert á menningarheima.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi í stefnumótun og starfi Vigdísarstofnunar. Stofnunin vinnur einkum að markmiði nr. 16 um frið og réttlæti og nr. 4 um menntun fyrir alla, með því að stuðla að fjöltyngi, þýðingum, fjölmennningarlegum samskiptum og virðingu milli menningarhópa og halda á lofti rannsóknum á erlendum tungumálum í gegnum almenningsfræðslu, endurmenntun kennara og móttöku skólahópa. Einnig eru jafnréttis- og umhverfissjónarmið sífellt höfð að leiðarljósi í starfsemi Vigdísarstofnunar.

## STOFNUN VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem nú eru kennd við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hindí, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku.

Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta.
- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, sambýli tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmennta- og nytjaþýðingar.
- Þróun kennslufræði og kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á fjöltyngi og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum. Stofnunin miðlar upplýsingum um þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um fjöltyngi, bókmenntir og menningu, tungumálanám og -kennslu, þýðingar og menningarlæsi. Þetta hlutverk rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi í samstarfi við Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað samskipti í fjöltyngdum heimi. Rík áhersla er á að hagnýta máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin heldur úti öflugri fræðilegri umræðu m.a. með fyrirlestraröðum og útgáfu vefritsins *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fræðimenn innan stofnunarinnar taka þátt í þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

## ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hóf störf sumardaginn fyrsta 2017 þegar Veröld – hús Vigdísar var formlega tekin í notkun. Miðstöðin stendur fyrir ráðstefnum, málþingum, fyrirlestrum, rannsóknum, kvikmyndasýningum, vinnustofum, fundum, sýningum og fræðslu um tungumál í víðu samhengi, sem þjóna þeim markmiðum sem koma fram í samstarfssamningi Ríkisstjórnar Íslands og UNESCO frá 2013. Helstu markmiðin eru að:

- stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþáttar í menningararfleifð mannkyns;
- stuðla að þýðingum og þýðingarannsóknum og athugunum og greiningu á þýðingaf læði;
- vinna að varðveislu tungumála og vöktun á málstefnu og málstýringu á sviði tungumála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- stuðla að rannsóknum og menntun í erlendum tungumálum og menningu;
- styðja við og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum.

Helstu áherslur í starfi Vigdísarstofnunar fyrstu ár starfseminnar eru eftirfarandi:

- Vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum, þ.e. sambýli tungumála og tengsl tungumála og menningar á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi.
- Frumbyggjatungumál, fámennismál og lítil málsvæði, í tengslum við Alþjóðlegt ár frumbyggjatungumála 2019 og Alþjóðlegan áratug frumbyggjatungumála 2022–2032 (IDIL 2022–2032) í samvinnu við UNESCO.
- Bókmenntir, tungumál og menning Rómafólks víða um heim, í tengslum við rannsóknarnetið Roma in the Centre.
- Tungumálasýningin *Mál í mótun* þar sem gestum gefst kostur á að kanna ýmis tungumál heimsins og fræðast um lífshlaup þeirra.

# STJÓRNIR OG STARFSMENN

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumál fyrri hluta árs 2021 skipuðu Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í annarsmálsfræðum, formaður, Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, Geir Þórarinn Þórarinsson aðjunkt í grísku og latínu, Oddný G. Sverrisdóttir prófessor í þýsku og Guðmundur S. Brynjólfsson, fulltrúi doktorsnema. Varamenn voru Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor í spænsku og Gísli Magnússon prófessor í dönsku. Stjórnin kom saman 6 sinnum á árinu. Á ársfundi þann 14. maí 2021 var Ásdís Rósa Magnúsdóttir kjörin nýr stjórnarformaður og tók við stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Aðrir stjórnarmenn voru Oddný G. Sverrisdóttir, Kristín Ingvarsdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson og Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Varamenn voru Gísli Magnússon og Erla Erlendsdóttir.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir, en Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Stjórn Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar árið 2021 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, sem var formaður, Ann-Sofie Nielsen Gremaud, lektor í dönsku, Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum, Guðrún Kvaran prófessor emeritus í íslensku, fulltrúi ríkisstjórnar tilnefnd af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Irmgarda Kasinskaite-Buddeberg, kerfisfræðingur á miðlunar- og upplýsingasviði UNESCO, fulltrúi aðalframkvæmdastjóra UNESCO og Sæunn Stefánsdóttir, fulltrúi íslensku UNESCO-nefndarinnar. Samkvæmt samningi sem gerður var við UNESCO fylgir framkvæmdanefnd eftir stefnumótun og málefnum miðstöðvarinnar fyrir hönd stjórnarinnar. Í framkvæmdanefnd sitja allir stjórnarmenn utan fulltrúa UNESCO og íslensku UNESCO-nefndarinnar. Stjórn miðstöðvarinnar kom saman á aðalfundi þann 16. júní árið 2021 auk þess sem framkvæmdanefnd kom einu sinni saman á árinu.

Árið 2021 voru 40 fræðimenn meðlimir í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Starfsmenn Vigdísarstofnunar voru Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir kynningarstjóri, Sofiya Zahova rannsóknarsérfræðingur og Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri.





Ný stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, kjörin 2021



Framkvæmdanefnd Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar

# SAMSTARF

Vigdísarstofnun á í nánu samstarfi við fjölmargar stofnanir, samtök og fyrirtæki, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Má þar nefna Linguapax, European Language Resources Association (ELRA), Common Language Resource and Technology Infrastructure (CLARIN), Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Borgarbókasafnið, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bókmenntahátíð Reykjavíkur, bókaforlög, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi, Samtökin Women Political Leaders (WPL), Foundation for Endangered Languages (FEL), InfoTerm, Modelling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact (MoLiCoDiLaCo), Norræna húsið, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, Samtökin Móðurmál, Bandalag þýðenda og túlka, The Gypsy Lore Society, andrúm arkitektar, Gagarín, Sendiráð Bandaríkjanna, Danmerkur, Frakklands, Indlands, Ítalíu, Japans, Kanada, Kína, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, háskóla víða um heim og menningarstofnanirnar Alliance Française og Goethe Institut.

# RANNSÓKNIR, SAMSTARFSNET OG ÞRÓUNARVERKEFNI

## RANNSÓKNIR OG SAMSTARFSNET

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, tók vorið 2021 sæti sem fulltrúi Íslands í **stýrihóp og undirbúningsnefnd UNESCO vegna áratugs frumbyggjamála**, en Ísland var valið ásamt Noregi til setu í stýrihópnum fyrir hönd Evrópu.

Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði og rússnesku, hlaut öndvegisstyrk árið 2019 til verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarapáttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði**, en í því er leitast við að rannsaka þá lærdóma sem draga má af íslenska stjórnarskrárferlinu sem hófst árið 2010.

Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum, er verkefnistjóri í rannsóknarverkefninu **Insular Scandinavian Morphology and Morphosyntax** sem stóð yfir árin 2019–21.

Þrjú rannsóknarnet fjölþjóðlegra teyma fræðimanna með áherslu á vestnorræna svæðið eru nú innan vébanda stofnunarinnar.

Auður Hauksdóttir, prófessor emirita í dönsku, er í forystu fyrir samstarfsnetinu **Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden**, þar sem sjónum er beint að tengslum tungumála og menningar á Grænlandi, Íslandi, vesturströnd Noregs og í Færeyjum. Frá SVF eru þátttakendur í netinu þau Birna Arnbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Gísli Magnússon, Guðrún Kvaran, Kristján Árnason, Pernille Folkmann, Þórhallur Eypórsson og Þórhildur Oddsdóttir, en auk þeirra taka þátt fulltrúar háskóla og stofnana á Grænlandi, í Noregi, Danmörku og Færeyjum.

Birna Arnbjörnsdóttir og Auður Hauksdóttir eru í forsvari fyrir verkefninum **Sprogbarometer I og II**. Rannsóknirnar beinast að sambýli ensku, dönsku og heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, leiðir rannsóknina **Birtingarmynd tungumáls og menningar í námsgögnum til tungumálakennslu á Norðurlöndum** sem fulltrúar fjögurra háskóla á Norðurlöndunum koma að. Megintilgangur verkefnisins, sem styrkt er af Nordplus Sprog, er að skoða námsefni ætlað til dönskukennslu á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og í Danmörku, ásamt sænskukennslu í Finnlandi.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, leiðir **Rannsóknaverkefni um birtingarmyndir syndarinnar** þar sem fjallað er um syndina og birtingarmyndir hennar í bókmenntum, og **Rannsóknaverkefni um viðtöku og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi**, allt frá miðöldum til 19. aldar.

Ingibjörg Ágústsdóttir, dósent í enskum bókmenntum, er í forsvari fyrir **Rannsóknaverkefni um Norðurheimskautssvæðið í skoskum bókmenntum**, þar sem skoskar bókmenntir sem fjalla um Norðurheimskautssvæðið frá nítjándu öld til dagsins í dag eru kortlagðar.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Irma Erlingsdóttir, prófessorar í frönsku, standa að baki verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**, en þar er sjónum beint að þýðingum og uppsetningum á frönskum leikhúsbókmenntum á þessu tímabili og áhrifum þeirra á íslenskt leikhús.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, er einn af forsvarsmönnum **WILA – Vinnustofu um Erfðarmál í Norður- og Suður-Ameríku**. Netverkið heldur ráðstefnur til skiptis í Ameríku og Evrópu og gefur út árlegt ráðstefnurit. Birna er einnig einn af forsvarsmönnum **PRISEAL**, alþjóðlegs samstarfsnets um ritun fræðigreina á ensku.

Sofiya Zahova, rannsóknarsérfræðingur, stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þverfaglegu verkefni þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómabólks. Sofiya er einnig þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni sem snýr að menntun og valdeflingu Rómakvænna og gengur undir nafninu **Educated Roma women, empowered Roma communities!**

Þórhallur Eyþórsson, prófessor í málvísindum, er þátttakandi í rannsóknarnetinu **Emotive Performativity in Northern Europe** sem stendur yfir árin 2019–2021 og í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology** á tímabilinu 2018–2023.

## ÞRÓUNARVERKEFNI

Auður Hauksdóttir leiðir fjögur þróunarverkefni sem beinast að dönskukennslu í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi. Námsgagnið **Taleboblén** er hannað til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar, og **Talerum** er gagnvirkur tölvuleikur ætlaður til dönskunáms. **Frasar** er danskt-íslenskt máltæki á netinu, hannað með það að leiðarljósi að auðvelda Íslendingum tjáskipti á dönsku, en nýtist einnig Dönum sem vilja tjá sig á íslensku. Að lokum er í verkefninu **EGO – nemendastýrð stafræn starfsstöð** þróuð stafræn starfsstöð fyrir nemendur í dönskunámi, þar sem viðmót og notkunarmöguleikar eru hannaðir með þarfir sérhvers nemanda í huga.

Íslensk-frönsk veforðabók, **LEXIA**, er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Erlendir samstarfsaðilar eru Sorbonne-háskóli í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð. Verkefnið hófst árið 2015 og var orðabókin opnuð við hátíðlega athöfn þann 16. júní 2021. Verkefnisstjóri og ritstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir en hún og Ásdís R. Magnúsdóttir sitja í fagráði verkefnisins fyrir hönd SVF.

**Icelandic Online** er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindasviðs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir. Sjö Icelandic Online vefnámskeið í íslensku voru tekin til notkunar á tímabilinu 2004–2013, ætluð til sjálfnáms í tölvum og snjalltækjum og öllum opin án endurgjalds. Um 260.000 manns víðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin, þar af eru um 85.000 virkir notendur. Frá 2019 hefur verið unnið að nýju Icelandic Online námskeiði fyrir börn á aldrinum 5–7 ára, sem ráðgert er að opni árið 2022. Ritstjórn verkefnisins skipa Birna Arnbjörnsdóttir, Halldóra Þorláksdóttir, Þorgerður Anna Björnsdóttir, Úlfar Bragason og Branislav Bedi.



Vigdís Finnbogadóttir opnaði LEXÍU – íslensk-franska orðabók við hátíðlega athöfn í Veröld

# OPNUNARHÁTÍÐ LEXÍU

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, opnaði Lexíu, nýja íslensk-franska veforðabók, við hátíðlega athöfn í Veröld – húsi Vigdísar þann 16. júní að viðstöddum fjölda gesta.

Lexía er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM). Rósa Elín Davíðsdóttir, orðabókafræðingur við SVF, er ritstjóri franska hluta orðabókarinnar. Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri orðabókarinnar og Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri fyrir hönd SÁM.

Orðabókin á sér aðdraganda aftur til ársins 1983 þegar íslensk og frönsk stjórnvöld undirrituðu samkomulag um að efla samvinnu landanna á sviði menningar og vísinda m.a. með stuðningi við gerð fransk-íslenskrar orðabókar og sömuleiðis íslensk-franskrar bókar. Sú fyrri kom út árið 1995 en vinna við íslensk-frönsku veforðabókina hófst haustið 2015 eftir að ákveðið var að gefa hana út í stafrænu formi og byggja á gagnagrunni ISLEX, margmála orðabókar milli íslensku og norrænu málanna á vegum SÁM.

Vigdís Finnbogadóttir hefur frá upphafi verið mikill hvatamaður að útgáfu bókarinnar og opnaði hún bókina formlega. Auk Vigdísar tóku Roselyne Bachelot-Narquin menningarmálaráðherra Frakklands, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands, Graham Paul sendiherra Frakklands á Íslandi, Olivier Cadic öldungardeildarþingmaður, Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og Ásdís R. Magnúsdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, til máls á athöfninni.

Útgáfa Lexíu markar tímamót þar sem nú eru liðin meira en 70 ár frá því að íslensk-frönsk orðabók kom síðast út. Lexía hefur að geyma um 50.000 uppflettiorð ásamt fjölmörgum notkunardæmum og orðasamböndum sem eru þýdd á frönsku. Brýn þörf var á nýrri orðabók bæði fyrir Íslendinga sem eru að læra frönsku, frönskumælandi íslenskunema, þýðendur, áhugafólk um franska tungu, menningu og þjóðlíf og alla þá sem eiga samskipti við frönskumælandi fólk. Franska er töluð af um 75 milljónum manna víða um heim og er því mikilvægt tungumál í alþjóðasamskiptum. Útgáfa Lexíu er enn fremur veigamikill liður í því að efla samskipti og treysta vináttubönd Frakklands og Íslands.



François Heenen, Rósa Elín Davíðsdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir, í ritstjórn LEXÍU



Roselyne Bachelot-Narquin menningarmálaráðherra Frakklands, Ásdís Rósa Magnúsdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands og Gnörun Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar tóku til máls við opnun LEXÍU





Á fjarlægum ströndum

TENGL SPÁNAR OG ÍSLANDS Í TÍMANS RÁS

HNNUDAGSMATÚR

og fleiri sögur Rómavólks

Hernaðarlist Meistarara Sun

við kvikuna

örsögur frá Rómönsku-Ameríku

Raddir frá Spáni

Sögur eftir spænskar konur

LANGUAGES OPEN UP WORLDS

Words for Vigdís

LANGMÁL LJÚKA UPP HEIMUM

Orð handa Vigdís

LANG OG ÁBNER VERDENER

Orð tilegnet Vigdís Finnbogadóttir

Neruda

Hafid starfar í þögn minni

Luis Borges

Yfir saltan mar

Clot

Morð í dómkirkju

Rangan og réttan - Brúðkaup - Sumar

Albert Camus

Franz Kafka

UMSKIPTIN

# ÚTGÁFA FRÆÐIRITA

Vigdísarstofnun leggur áherslu á útgáfu fræðirita og þýðinga á erlendum bókmenntum og gefur árlega út veftímaritið *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Tvímála ritröð stofnunarinnar telur nú á annan tug bóka. Hún nýtist nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda almennt en er einnig ætluð unnendum fagurbókmennta og klassískra verka sem fá með þessu tækifæri til að bera saman textana. Með einmála útgáfu stofnunarinnar er ætlunin að kynna bókmenntir og höfunda sem alla jafna er ekki mikil þekking á hér á landi og fylla með því í eyður í íslenskri þýðingasögu. Leitast er við að þýða úr frummáli og fylgja ítarlegir inngangar flestum verkanna. Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er ritröð sem hóf göngu sína árið 2021 í tilefni af 20 ára starfsafmæli stofnunarinnar. Henni er ætlað er að miðla margvíslegum fróðleik um ólíka menningarheima og hugsun.

## **MILLI MÁLA – TÍMARIT UM ERLEND TUNGUMÁL OG MENNINGU**

Þrettánda hefti *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* kom út ár árinu í opnum aðgangi á síðunni millimala.hi.is. Ritstjórar heftisins voru Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Átta ritrýndar greinar eru í þrettánda hefti *Milli mála* á sviði bókmennta, málvísinda, kennslufræði erlendra tungumála, þýðinga og ritunar. Auk ritrýndra greina birtast í heftinu þýðingar úr fjórum tungumálum auk formála þýðendanna.

## **Á FJARLÆGUM STRÖNDUM – TENGL SPÁNAR OG ÍSLANDS Í TÍMANS RÁS**

Í bókinni er að finna safn greina eftir fjórtán höfunda þar sem víða er komið við í samskiptasögu Spánar og Íslands. Meðal þess sem fjallað er um eru ferðir Íslendinga um Jakobsveginn, hvalveiðar Spánverja við strendur Íslands á 17. öld, Baskavígin, þátttaka Íslendinga í spænsku borgarastyrjöldinni, þýðingar bókmenntaverka á milli málanna, spænsk tökuorð í íslensku og íslensk tökuorð í spænsku og spænsk handrit í safni Árna Magnússonar.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta. Ritstjórar eru Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir.

## FRÍÐA OG DÝRIÐ. FRANSKAR SÖGUR OG ÆVINTÝRI FYRRI ALDA

Í *Fríðu og Dýrinu* er að finna úrval stuttra franskra bókmenntatexta frá 12. til 18. aldar: ljóðsögur, fábyljur, dæmisögur, heimspekisögur, ævintýri og smásögur. Verkin sýna fjölbreytni og grósku í ritun stuttra texta á þessu langa tímabili og veita innsýn í þann menningarheim sem þær spretta úr.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi sögurnar úr frönsku og skrifaði inngang, en hún var tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna fyrir verkið í desember 2021. Ritstjóri var Kristín Guðrún Jónsdóttir.

## SÖGUR BELKÍNS

*Sögur Belkíns* er safn fimm stuttra sagna eftir rússneska þjóðskáldið Aleksander Púshkín. Í verkinu er brugðið á leik með þekkt stef, s.s. rómantíska hetju, draugasöguna, hugljúfar ástir og óvænt endalok. Sögurnar eru fullar lífsgleði, glettni og umhyggju fyrir sögupersónum og höfðu sumar ófyrirséð áhrif á rússneskar bókmenntir.

*Sögur Belkíns* er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Rebekka Þráinsdóttir þýddi sögurnar og ritaði eftirmála um ævi og verk Púshkíns og sögu- og bókmenntalegt samhengi verksins. Kristín Guðrún Jónsdóttir ritstýrði.

## SMÁRIT 2021

Í fyrstu þremur smáritunum í nýrri ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er að finna þýddar ritgerðir eftir þrjá höfundu; *Úr Gagnleysisskálanum – Esseyjur um Kína* eftir Kínafræðinginn Simon Leys í þýðingu Geirs Sigurðssonar, *Hvers vegna hræðumst við ímyndunaraflið? – Af siðaskiptum og fagurfræði*, í þýðingu Gísla Magnússonar eftir danska heimspekinginn og guðfræðinginn Dorte Jørgensen og *Kynlíf, nauðung og lygar í Marokkó* eftir fransk-marokkóska rithöfundinn og blaðakonuna Leïla Slimani, í þýðingu Irmu Erlingsdóttur.

Smáritin eru gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta, Danska listasjóðnum og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Ritstjórar voru Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir



# VIÐBURÐIR

## FYRIRLESTRARÖÐ

Árið 2021 voru skipulagðir tólf fyrirlestrar undir merkjum þriðjudagsfyrirlestraraðar Vigdísarstofnunar þar sem átján fræðimenn gerðu tungumál heimsins að umfjöllunarefni út frá fjölbreyttum sjónarhornum bókmennta, þýðinga og málvísinda. Þrátt fyrir ítrekaðar samkomutakmarkanir tókst að halda fimm þessara viðburða í Veröld – húsi Vigdísar, en sex birtust sem vefyfyrirlestrar.

## RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Fresta þurfti þremur alþjóðlegum ráðstefnum sem voru á dagskrá Vigdísarstofnunar sumarið 2021, vegna Covid-19, og voru þær settar á dagskrá árið 2022.

Eftirfarandi málþing voru haldin á árinu:

### Vestnorræni dagurinn 2021

Vestnorræna deginum var fagnað 23. september með fjölbreyttri dagskrá í samstarfi við Norræna húsið. Ann-Sofie Nielsen Gremaud, dósent í dönsku, var aðalskipuleggjandi málþingsins *West Nordic futures. Greenlandic and Faroese perspectives*, þar sem fram komu Sumarliði Ísleifsson, lektor við Háskóla Íslands, Halla Nolsøe Poulsen, sendifulltrúi Færeyja og Tove Søvndahl Gant, sendifulltrúi Grænlands. Eftir málþingið var færeyska kvikmyndin *Skál* sýnd og leikarar hennar svöruðu spurningum gesta.

### Skáldið, taóið og dulspekin

Haldið var málþing þann 16. október um tengsl verka Halldórs Laxness við heimspeki daóisma og dulspeki í tilefni þess að liðin voru 100 ár frá útgáfu fyrstu íslensku útlekkingarinnar á *Bókinni um veginn*. Flutt voru átta erindi á málþinginu sem haldið var í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Gljúfrastein.

## **Menning á norðurslóðum: Rússland, Færeyjar, Ísland: Landfræði, saga, bókmenntir og menning**

Málþing um menningu, landfræði, sögu og bókmenntir Rússlands, Færeyja og Íslands var haldið 27. október. Ólöf Garðarsdóttir forseti Hugvísindasviðs, Árni Þór Sigurðsson sendiherra Íslands í Rússlandi, Míkhaíl V. Noskov sendiherra Rússneska sambandsríkisins á Íslandi og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands héldu ávörp á þinginu auk þess sem ellefu sérfræðingar fluttu erindi. Að málþinginu loknu, var boðið upp á sýningu tveggja rússneskra heimildarmynda og umræður. Málþingið var haldið í samstarfi við ODRÍ – Vinafélag Rússlands og Íslands í Moskvu með styrk frá „Rússkí mír“ sjóðnum og Háskóla Íslands.

## **Á fjarlægum ströndum. Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás**

Málþingið var haldið 28. október í tengslum við útgáfu bókarinnar *Á fjarlægum ströndum*. Höfundar greina bókarinnar fluttur erindi á málþinginu og Erlendur Sveinsson, kvikmyndagerðarmaður, afhenti Vigdísarstofnun rausnarlega gjöf, fimm hluta heimildarmyndabálk sinn *Drauminn um veginn*, bæði íslenska og enska gerð hans auk þess sem textuð útgáfa af fyrsta hlutanum á galísísku fylgdi með.

## **Educated Roma Women – Empowered Roma Communities**

Vinnustofa fyrir stúlkur af Róma-uppruna var haldin í Slavonski Brod, Króatíu, dagna 27.–28. nóvember, sem hluti af verkefninu *Educated Roma Women – Empowered Roma Communities* sem samtökin Kali Sara í Króatíu skipulögðu í samstarfi við Vigdísarstofnun með stuðningi EEA.

## **ÞÝÐENDAÞING**

Vigdísarstofnun ýtti árið 2019 úr vör röð þýðendaþinga sem haldin eru bæði við stofnunina og erlendis. Eitt þing var haldið þann 21. október 2021, *Franskar bókmenntir á Íslandi – Málþing um þýðingar og þýðendur*. Á þinginu fluttu fjórtán þátttakendur erindi eða tóku þátt í pallborðsumræðum, en það var haldið í samstarfi við Franska sendiráðið á Íslandi, Bandalag þýðenda og túlka og Bóksölu stúdenta.

## VINNUSTOFUR KENNARA

Vigdísarstofnun fór af stað með vinnustofur fyrir kennara árið 2019, í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands. Vinnustofurnar, sem fengu strax góðar móttöku, eru hálf dags námskeið þar sem kynntar eru nýstárlegar aðferðir við tungumálakennslu. Þær eru sérsniðnar að tungumálakennurum en öllum opnar til þátttöku. Árið 2021 voru alls þrjár vinnustofur haldnar í Veröld – húsi Vigdísar.

## ALÞJÓÐLEGI MÓÐURMÁLSDAGURINN OG EVRÓPSKI TUNGUMÁLADAGURINN

Alþjóðlega móðurmálsdegi UNESCO 21. febrúar og Evrópska tungumáladeginum 26. september er fagnað á hverju ári hjá Vigdísarstofnun í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Samkomubann setti svip sinn á móðurmálsdaginn að þessu sinni svo ekki var hægt að bjóða börnum í Veröld – hús Vigdísar eins og venjulega. Í stað þess var kennsluefni í japönsku fyrir byrjendur og japanskri föndur- og teiknikennslu á rafrænu formi dreift í grunnskóla landsins. Voru kennarar hvattir til að nýta sér námsefnið og halda upp á alþjóðlega móðurmálsdaginn, hver með sínum hætti. Í tilefni Evrópska tungumáladagsins var tungumálakennurum boðið til móttöku í Veröld þann 28. september þar sem haldin var kynning á nýrri tungumálasýningu Vigdísarstofnunar, *Mál í mótun*, og kennurum boðið upp á léttar veitingar.

## CAFÉ LINGUA

Café Lingua – lifandi tungumál er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Vigdísarstofnunar. Eitt af markmiðunum er að virkja þau tungumál sem hafa ratað til Íslands með fólki hvaðanæva að og auðgað mannlíf og menningu. Café Lingua er gátt inn í ólíka tungumála- og menningarheima og tilvalinn vettvangur fyrir þá sem vilja spreyta sig á hinum ýmsu tungumálum og efla með því kunnáttu sína. Einn Café Lingua viðburður var haldinn í Veröld árið 2021.

## KVIKMYNDASÝNINGAR

Kvikmyndasýningar sem kennarar í Mála- og menningardeild Háskóla Íslands standa fyrir sem hluta af námskeiðum í erlendum tungumálum, hafa verið fastur liður í starfi Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Að öllu jöfnu er um að ræða kvikmyndir sem ekki eru teknar til sýninga í

sjónvarpi eða kvikmyndahúsum héraendis en þjálfar hlustun og skilning í þeim tungumálum sem kennd eru við Mála- og menningardeild eða tengjast fjölmennarlegum áherslum Vigdísarstofnunar. Dagana 4.–25. nóvember var haldin kvikmyndahátíð til heiðurs pólska vísindaskáldsagnahöfundinum Stanisław Lem þar sem fimm kvikmyndir eftir verkum hans voru sýndar. Hátíðin var haldin í samstarfi við Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Sendiráð Póllands á Íslandi.

## **JAPANSHÁTÍÐ**

Japanshátíð í samvinnu Sendiráðs Japans og nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands hefur verið haldin árlega í Veröld – húsi Vigdísar frá opnun hússins og dregið að fjölda gesta á öllum aldri. Vegna samkomubanns var brugðið á það ráð að halda hátíðina á rafrænan hátt árið 2021 og var boðið upp á glæsilega dagskrá rafrænna viðburða í heila viku dagana 1.–7. febrúar. Meðal þess sem prýddi dagskrána voru viðtöl við rithöfunda, kennsla í japanskri matargerð og teikningu, kynning á japönskukennslu og japönskum hlutverkaleikjum og kynning á shinto-trú í beinni útsendingu úr shinto-hofi í Japan. Öll vinna við Japanshátíðina er unnin í sjálfboðavinnu nemenda og kennara deildarinnar en gott félagslíf og samheldni hefur einkennt námsbraut í japönsku frá upphafi.

## **GESTAFYRIRLESARAR**

Alþjóðlegir gestafyrirlesarar frá erlendum háskólum halda að öllu jöfnu fyrirlestra í Veröld – húsi Vigdísar á hverju ári. Árið 2021 voru fjórir fyrirlestrar haldnir af gestafræðimönnum frá háskólum á Spáni, í Bandaríkjunum og Tékklandi.

## **VERÐLAUN HALLDÓRS LAXNESS**

Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness voru veitt í annað sinn þann 11. september, þegar Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, afhenti þau tyrkneska rithöfundinum Elif Shafak í Veröld – húsi Vigdísar á Bókmenntahátíðinni í Reykjavík, en Vigdísarstofnun er einn af samstarfsaðilum Bókmenntahátíðar.





# SÝNINGAHALD

## MÁL Í MÓTUN

Árið 2021 var unnið að gerð sýningarinnar *Mál í mótun*, gagnvirkar margmiðlunarsýningar sem verður opnuð í sýningarsal Veraldar - húss Vigdísar árið 2022. Um er að ræða varanlega sýningu sem ætluð er til fræðslu og vitundarvakningar um tungumál heims í víðri merkingu. Verkefnisstjóri sýningarinnar er Birna Arnbjörnsdóttir sem hefur einnig séð um ritstjórn ásamt Halldóru Þorláksdóttur. Sýningin er unnin í samstarfi við margmiðlunarfyrirtækið Gagarín og arkitektastofuna Andrúm en Barnamenningarsjóður, Háskóli Íslands, Nýsköpunarsjóður námsmanna og Nordplus veittu styrki til hennar.

Sumarið 2021 fékkst styrkur frá Vinnumálastofnun til að ráða stúdenta við Háskóla Íslands til að vinna fræðsluefni fyrir aðalmarkhóp sýningarinnar, ungmenni á aldrinum 12–19 ára, og setja upp kennsluvef þar sem verkefni eru aðgengileg fyrir kennara og nemendur sem heimsækja sýninguna. Í samstarfi við Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands voru tveir háskólastúdentar ráðnir haustið 2021 til að sjá um fræðslu og móttöku skólahópa á sýninguna og stóðu tilraunaheimsóknir yfir í þrjá mánuði.

## SÝNING UM VIGDÍSI FINNBOGADÓTTUR

Í Vigdísarstofu í Veröld – húsi Vigdísar opnaði sýning á lífi og starfi Vigdísar Finnbogadóttur. Sýningin var unnin í samstarfi við margmiðlunarfyrirtækið Gagarín og arkitektastofuna Andrúm. Í tengslum við sýninguna *Mál í mótun* er tekið á mótí skólahópum á sýninguna.

## SÝNING Á VERKUM ÞORVALDAR SKÚLASONAR

Sýning á abstraktverkum Þorvaldar Skúlasonar opnaði í Veröld í mars 2020 og stóð til ársloka 2021. Sýningin var hluti af sýningunni *List – Míla*, sem efnt var til í tilefni 40 ára afmælis Listasafns Háskóla Íslands. Verkin sem sýnd voru í Veröld spanna allan feril Þorvaldar Skúlasonar, frá árinu 1923 til dauðadags árið 1984. Sýningarstjórar voru Kristján Steingrímur Jónsson, forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, og Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.



Katti Frederiksen var handhafi Vigdísarverðlaunanna 2021 og tók við verðlauninum úr hendi Þorbjörns Jónssonar ræðismanns

# VIGDÍ SARVERÐLAUN

Grænenska málvísindakonan, ljóðskáldið og baráttukonan Katti Frederiksen, mennta- og menningarmálaráðherra Grænlands, hlaut Vigdísarverðlaunin árið 2021.

Íslensk stjórnvöld, Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum settu verðlaunin á fót í tilefni af 90 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur vorið 2020 og þess að þá voru liðin 40 ár frá sögulegu forsetakjöri hennar. Verðlaunin eru veitt árlega þann 15. apríl, á afmælisdegi Vigdísar, einstaklingi sem brotið hefur blað með störfum sínum í þágu menningar og þá einkum tungumála.

Katti Frederiksen hefur með eftirtektarverðum hætti vakið athygli á málefnum grænenskunnar. Með ljóðum sínum, fræðaskrifum, barnabókum og þátttöku í opinberri umræðu hefur hún verið óþreytandi við að minna á mikilvægi grænenskunnar fyrir grænenskt samfélag og hve brýnt sé að stuðla að vexti og viðgangi tungunnar svo hún megi nýtast á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs.

Katti Frederiksen lauk meistaraprófi í grænensku, bókmenntafræði og fjölmiðlafræði frá Háskóla Grænlands í Nuuk, Ilisimatusarfik, árið 2011, en hluta námsins tók hún við University of Alaska í Fairbanks. Hún hefur átt sæti í Málnefnd Grænlands og starfað til fjölda ára hjá Oqaasileriffik, tungumálaskrifstofu Grænlands. Árið 2020 varð hún menntamálaráðherra Grænlands. Með störfum sínum hefur Katti Frederiksen, ásamt samstarfsfólki sínu, lagt drjúgan skerf til verkefna sem er ætlað að efla og þróa grænenska tungu og gera hana í stakk búna til að takast á við áskoranir á tímum sem kalla á þátttöku í og aðild að stafrænum lausnum. Loks hefur Katti Frederiksen undirstrikað nauðsyn þess að börn og unglingar temji sér að tala og skrifa grænensku til að styrkja sjálfsmynd Grænendinga, vitund þeirra um eigin menningu og trú á framtíðina.

Það var Þorbjörn Jónsson, ræðismaður Íslands á Grænlandi, sem afhenti Katti Frederiksen verðlaunin en þau nema sex milljónum íslenskra króna.

# ÞAKKIR

Stjórn og starfsfólk Vigdísarstofnunar kann Vigdísi Finnbogadóttur nú sem fyrr sínar bestu þakkir fyrir dýrmætan stuðning, samstarf og framlag til stofnunarinnar. Allir styrkir sem fengist hafa til starfseminnar skipta Stofnunina og Miðstöðina gríðarlega miklu máli. Vigdísarstofnun þakkar öllum sem styrkt hafa starfsemi stofnunarinnar árið 2021: Miðstöð íslenskra bókmennta, Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur, Hugvísindastofnun og ekki síst íslenskum stjórnvöldum fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi Alþjóðlegu miðstöðvarinnar.

Fráfarandi forstöðumanni og stjórnarformanni stofnunarinnar, Birnu Arnbjörnsdóttur, er sömuleiðis þakkað fyrir hennar mikilsverða framlag til stofnunarinnar.

Þá eru stjórnnum, starfsfólki, rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, þakkað fyrir ánægjulegt samstarf. Það sama gildir um forseta Hugvísindasviðs, Ólöfu Garðarsdóttur, starfsfólk á skrifstofu sviðsins og Guðmund Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnýslu.

Að lokum vilja stjórnir og starfsfólk Vigdísarstofnunar koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir margvíslegan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

# VIGDÍSTARSTOFNUN

## ÁRSSKÝRSLA 2021

© Vigdísarstofnun 2022

Brynjólfgötu 1, 107 Reykjavík

<https://vigdis.hi.is>

<https://www.facebook.com/stofnunvf>

### Ársskýrsla

Ásdís Rósa Magnúsdóttir

Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir

### Myndir

Forsíðumynd: Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir

Aðrar myndir: ARA ART, Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir, Kristinn Ingvarsson, Valgerður Jónasdóttir og Varvara Lozenko



VIGDÍSTARSTOFNUN



unesco

Centre  
Under the auspices  
of UNESCO



HÁSKÓLI  
ÍSLANDS